

Veni Creator Spiritus

Þessi grein er skrifuð í tilefni af viðburði í Breiðholtskirkju þann 12. júní, á vegum Listahátíðar í Reykjavík 2024. Þar voru fluttar tónsmíðar eftir Þuríði Jónsdóttur undir heitinu „Raddir úr blámanum.“ Á efnisskránni var einnig hvítasunnusálmurinn „Veni Creator Spiritus“ með íslenskum texta frá 13. öld sem er varðveittur í einu af handritum Snorra-Eddu frá um 1400. Þuríður hafði þar samið viðbót við sálminn og útsett fyrir tenór og nokkur hljóðfæri. Benedikt Kristjánsson söng fimm erindi úr sálm-inum og Adapter-hópurinn lék með. Þýðandinn er óþekktur en sálmur-inn er eignaður Hrabanus Maurus frá 9. öld. Með þessum flutningi sýndu Þuríður og Benedikt að með nútímaframburði er hægt að flytja þýðing-una með gregorísku lagi eins og vanalegt er að flytja latneska sálminn.

„Veni Creator Spiritus“ er meðal þekktustu og mest sunginna kaþ-ólskra sálma. Sálmurinn ákallar heilagan anda og biður um „andagiftir,“ í formi leiðsagnar, dómgreindar og fleira. Lúterskir menn þýddu hann á þjóðtungu sína og tóku inn í sálmabækur; meðal annars var það gert á Íslandi. Þeir vildu með þýðingum sínum færa uppsprettur trúarinnar nær almenningi. Þýðingin frá 13. öld er merkileg fyrir að vera eldri en lútersku þýðingarnar. Hún er raunar elsta íslenska sálmabýðingin,¹ og eina dæmið um dróttkvæða ljóðabýðingu að fornu.² Þýðingin lagar sálm-inn að dróttkvæðum hætti og að fornri skáldskaparhefð. Í þeirri hefð er notað sérstakt skáldskaparmál, þar sem strangar reglur gilda um setningaskipan í upphafi hvers vísuhelmings,³ en setningar mega fleyga hver aðra innan vísuhelmings. Hingað til hafa menn talið að sálmurinn væri lítið innskot í langt helgikvæði um heilagan anda „Heilags anda vísur,“ en þessi grein er öðrum þræði skrifuð til að vekja athygli á að það sem

1 Einar Ólafur Sveinsson, „Íslensk sálmabýðing frá 13. öld“, *Skírnisir* 1/1942, bls. 140–150, hér bls.147.

2 Jakob Benediktsson, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Mál og menning, 1983, bls. 116.

3 Þorgeir Sigurðsson, „Haustlög. How rhyme and syntax interact in early Old Norse dróttkvætt“, *Íslenskt mál* 43/2021, bls. 13–32.

varðveitt er af þessu helgikvæði líkist fremur aukinni útgáfa af sálminum. Fyrstu tíu erindin eru að vísu hrein viðbót þýðandans en efni þeirra er að mestu upptalning á gjöfum Heilags anda sem fagnað er í sálminum. Þetta rökstyð ég í greininni, jafnframt því sem ég kynni þýðinguna.

Um sálm og söng

Einar Ólafur Sveinsson vakti fyrstur athygli á að hvítasunnulofsöngurinn „Veni Creator Spiritus“ væri til í gamalli íslenskri þýðingu í einu af handritum Snorra-Eddu, AM 757 4to frá um 1400. Aftast í því handriti eru nokkur helgikvæði. Sálmurinn sem Einar tók eftir er í erindum 11 til 17 í helgikvæði sem kallað hefur verið „Heilags anda vísur“. Aftan við sálminn kemur niðurlag í erindi 18. Vegna þess að kvæðið hefur stef (í erindum 2 og 18, og hugsanlega í erindi 10), kallar Katrina Attwood það „Heilags anda drápu“ í dróttkvæðaútgáfu sinni.⁴ Greinargerð Einars Ólafs um sálminn heitir „Íslenzk sálmaþýðing frá 13. öld“ og er skemmtileg og fróðleg. Hún bætti á sínum tíma verulega skilning á íslenska helgikvæðinu. Ekkert er vitað um höfundinn, en Einar og Attwood telja líklegt að þýðingin sé frá lokum 13. aldar. Sverrir Tómasson benti á að á 12. öld hefði komist á meiri reglufesta um atkvæðagerð í latneskum kirkjusöng en var áður. Hann velti því fyrir sér hvort þetta hefði haft áhrif á þá ákvörðun að nota dróttkvæðan hátt til að þýða „Veni Creator Spiritus“ og spurði jafnframt: „Og skyldi sálmurinn hafa verið sunginn í þessari þýðingu?“⁵ Hér á eftir er vakin athygli á að til er heimild um að Íslendingur hafi sungið sálminn „Veni Creator Spiritus“ fyrir Noregskonung árið 1290, en ekki er vitað hvort sungið var á latínu eða íslensku. Einnig er bent á að í fyrri hluta helgikvæðisins, í erindum 3 til 9, er upptalning á sjö gjöfum heilags anda sem getið er um í sálminum. Þetta gerir helgikvæðið heillegra en áður var talið. Vegna þess að í þýðingu sálmsins (í erindum 11 til 17) eru efnislegar viðbætur og litlu er sleppt, má líta á helgikvæðið, eins og það er varðveitt, sem aukna útgáfu af „Veni Creator

4 Katrina Attwood, „Heilags anda drápa“, *Poetry on Christian Subjects. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*, vol 7, ritstjóri Margaret Clunies Ross, Turnhout: Brepols, 2007, bls. 450–467. Skoðað 10. október á <https://skaldic.org/m.php?p=text&i=1017>

5 Sverrir Tómasson, „Nikulám skulu vér heiðra hér...“, *Til heiðurs og hugbótar. Greinar um trúarkveðskap fyrri alda*, ritstjórar Svanhildur Óskarsdóttir og Anna Guðmundsdóttir, Reykholt: Snorrastofa, 2003, bls. 79–112, hér bls. 87.

Spiritus.“ Fyrsta erindi helgikvæðisins er brenglað, því fylgir hvatning um iðrun með stefi, þar á eftir fylgja sjö erindi með gjöfum Heilags anda, síðan er niðurlag um gjafirnar í erindi 10, þá sjö erindi með sálminum og að lokum ósk um eilíft líf með stefi.

Í eftirmælum sem séra Einar Hafliðason skrifaði um föður sinn í Lögmannsannál⁶ við dánarár hans 1319, kemur fram að séra Hafliði Steinson söng sálminn „Veni Creator Spiritus“ fyrir Eirík konung Magnússon og dóttur hans, Margrėti Eiríksdóttur, árið 1290. Þar segir (með samræmdri stafsetningu):

Hann var mikils háttar maðr, lærðr undir Vermundi ábóta á Þingeyrum, en vígðr í Skálaholti af Árna byskupi Þorlákssyni. Hann fór utan ok var hirðprestr herra Eiríks konungs. Bar þat þá til, er Margrét, dóttir Eiríks konungs, var búin í Björgyn ok hana skyldi flytja til Skotlands, sem hon váttaði sjálf síðan, áðr en hon var brennd í Norðnesi, — „at þá er ek var þetta sama port ofan flutt, — var þat þá hjá postulakirkju, — var íslenzkr prestr, er Hafliði hét, með feðr mínum, Eiríki konungi, ok þá er klerka þraut sönginn, hóf hann síra Hafliði upp *veni creator spiritus*, ok þann ymna sungu þeir út, svá sem ek var á skip borin.“ Þetta it sama sannaði síra Hafliði, þá er honum var sagt, at sú sama Margrét hafði brennd verit í Norðnesi.⁷

Hér segir frá því þegar Margrét prinsessa bjóst til ferðar til Skotlands þar sem hún skyldi verða drottning. Hún var aðeins sjö ára gömul. Margrét dó í ferðinni en síðar kom fram kona sem sagðist vera hún. Sú kona var brennd, en reyndi áður að sanna orð sín með því að segjast muna eftir söng Hafliða og það staðfesti Hafliði síðar, samkvæmt frásögn Einars sonar hans í Lögmannsannál. Eiríkur Magnússon var síðasti Noregskonungurinn sem vitað er til að hlustaði á kvæði íslenskra skálda, samkvæmt yngri gerð Skáldatalis í Uppsalaabók.

Frásögn Einars sýnir að sálmurinn „Veni Creator Spiritus“ var vel þekktur og flutningur hans var eftirminnilegur. Vegna þess að sálmurinn var líklega til í nýrri íslenskri þýðingu árið 1290 má láta sér detta í hug að þýðingin hafi verið sungin. Þessu er ekki hægt að halda fram með vissu, en ekki er hægt að útiloka það heldur. Þýðingin hefði getað verið með lagi sem sérstaklega hentaði dróttkvæðum hætti eða með gregorísku

6 Lögmannsannál er til í eiginhandarriti Einars á www.handrit.is. Þessi eftirmæli eru í AM 420 b 4to á bls. 7v–8r.

7 *Annálar og nafnaskrá*, ritstjóri Guðni Jónsson, Reykjavík: Íslendingasagnautgáfan, Haukadalsútgáfan, 1953, bls. 106.

lagi. Dróttkvæður háttur hefur sex atkvæði (bragstöður) í vísuorði og endar hvert vísuorð á tveggja atkvæða orði með rími. „Veni Creator Spiritus“ hefur vísuorð með átta atkvæðum. Hvert vísuorð endar á þrígga atkvæða orði. Gregorísku lagi mætti koma fyrir, til dæmis með því að lengja rím-atkvæði í hverju vísuorði. Einnig mætti nota framburð nútímamáls sem iðulega hefur fleiri atkvæði en forn framburður.

Sjö gjafir í fyrri hluta helgikvæðis

Latneski sálmurinn er ekki nema sjö stutt erindi með fjórum vísuorðum og tekur aðeins um þrjár mínútur í flutningi (dróttkvæður háttur hefur átta vísuorð í erindi). Frásögn Einars bendir til að flutningurinn hafi tekið lengri tíma. Sálmurinn virðist hafa verið fluttur í skrudgöngu Eiríks með hirð sinni og Margrétar frá Postulakirkju á Hólminum í Björgvin að bryggju. Þýðingin er tvöfalt lengri en sálmurinn og ef hún var sungin, gæti allt kvæðið (18 erindi) hafa verið flutt. Fyrsta erindið er illa læsilegt og framan við kvæðið vantar eitthvað en óvíst er hversu mikið. Attwood telur að drápan gæti hafa verið 94 erindi.⁸ Það byggir hún á tilgátu um að í kvæðinu hafi verið tvö stef og þau hafi verið notuð á sama hátt og í þekktum helgidrápum. Einnig er mögulegt að kvæðið sé nálægt því að vera heilt. Einar Ólafur og aðrir sem fjallað hafa um kvæðið hafa ekki séð að á eftir stafi í erindi 2 eru taldar upp sjö gjafir heilags anda, ein í hverju erindi. Gjafirnar eru ættaðar úr Gamla testamentinu í Jesaja 11.1–3. Sagt er frá þeim í *Íslensku hómilíubókinni* frá um 1200.⁹ Í hinni latnesku Vulgata-þýðingu Biblíunnar og í hinni grísku Septuagintu eru gjafirnar sjö, en í nýjum þýðingum Biblíunnar úr hebresku eru þær aðeins 6 (vantar *pietas*).¹⁰ Gömul handrit þýða *pietas* í Jesaja 11:1–3 sem mildi.¹¹ Í helgikvæðinu virðist það vera þýtt með *brunnur miskunnar*. Eftirfarandi eru nöfn Hómilíubókar á gjöfum (eða geislum) heilags anda, nöfn gjafanna í helgikvæðinu (með nútímastafsetningu) og nöfnin í Vulgötu:

8 Katrína Attwood, „Heilags anda drápa“.

9 *Íslensk hómilíubók. Fornar stólræður*, Sigurbjörn Einarsson, Guðrún Kvaran og Gunnlaugur Ingólfsson ritstjórar, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1993, bls. 32–33, sjá hvítasunnuprédikun undir titlinum „De sancte spiritu.“

10 Þetta er skýrt með því að guðsótti er nefndur tvisvar í Jesaja 11:1–3 og var þýddur á tvo vegu.

11 Sbr. Ian J. Kirby, *Biblical Quotation in Old Icelandic — Norwegian Religious Literature*, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1976, bls. 98–99.

Inn fyrsti er spektar geisli (Hómilíubók).

1 *Spektarandi* í erindi 3 (Vulgata: *spiritus sapientiae*)

Annar heitir skilningar geisli (Hómilíubók).

2 *Skilningar brauð* í erindi 4 (Vulgata: *spiritus intellectus*)

Inn þriðji er ráðs geisli (Hómilíubók).

3 *Nóg aldin hugar skóg* í erindi 5 (Vulgata: *spiritus consilii*)

Inn fjórði er styrktar geisli (Hómilíubók).

4 *Móður í styr stríðum* í erindi 6 (Vulgata: *spiritus fortitudinis*)

Fimmti er fróðleiks geisli (Hómilíubók).

5 *Vegur visku* í erindi 7 (Vulgata: *spiritus scientiae*)

Mildi Guðs heitir inn sétti (Hómilíubók).

6 *Brunnur miskunnar* í erindi 8 (Vulgata: *spiritus pietatis*)

Inn sjöundi er hræðslu geisli (Hómilíubók).

7 *Hræðslu andi Guðs* í erindi 9. (Vulgata: *spiritus timoris Domini*)

Í hverju erindi er umfjöllun um viðkomandi gjöf. Hér reyni ég ekki að gera grein fyrir þeirri umfjöllun. Hún er áhugaverð en myndi krefjast talsverðrar rannsóknar á hugmyndafræði miðaldakirkjunnar. Á eftir upptalningu á gjöfunum segir í erindi 10 að konungur himins gefi mönnum slíkar ástgjafir og það sé þeim sigur og sómi að þjóna þeim (það er gjöfunum og um leið heilögum anda og guði). Í framhaldinu og á undan sálminum segir síðan: „Syngir óskalof lengi / landherra spökum anda“. Landher er væntanlega fólk á landi, englar væru himnaher.

Viðbætur í þýðingunni

Í erindum númer 14, 16 og 17 merkti Einar Ólafur orð í íslenska textanum með skáletri sem svöruðu til orða í latínutextanum. Ég fer að dæmi hans fyrir allan sálminn. Orð sem ekki eru skáletruð eru komin frá skáld-

inu sem þýddi sálminn. Texti sálmsins er einfaldur, stutturður og í upp-talningarstíl. Einar Ólafur segir að hann sé eins og perluband sem skipta megi í bænarorð og ákalls- eða ávarpsorð, þar sem nefnd eru heiti eða einkunnir heilags anda. Íslenska dróttkvæðið er 50% lengra en sálmurinn (talið í atkvæðum eða bragstöðum) vegna þess að hvert vísuorð með átta atkvæðum svarar til tveggja vísuorða með sex atkvæðum í þýðingunni; hver vísuorðingur er þýddur sérstaklega, ekki hver vísa eins og skilja má hjá Einari. Íslenska skáldið lengir mál sitt með notkun ákvæðisorða (oft eru það lýsingarorð) og með ávarpsorðum (lundgóðr, böls hirtir). Stundum er bætt við heilum setningum. Einar Ólafur bendir á að kvæðið sé yfirleitt með ótvíræðum brag dróttkvæðra trúarljóða svo að menn hafi ekki grunað að um þýðingu væri að ræða. Einar og Attwood nota latneska textann til að ráða í merkingu dróttkvæðisins, en hér er áhersla lögð á að draga fram þau atriði sem íslenska skáldið bætti við og voru ekki í latneska frumtextanum. Þessar viðbætur setja meira samhengi í þýðinguna en var í frumtextanum, koma til móts við kröfur um upphaf vísuorðinga í dróttkvæðum og ýmsu er bætt við. Þetta gerir kvæðið að minna „perlubandi.“ Hugsanlega ætlaði skáldið sér aðeins að bæta skýringum við sálminn og gera hugsunina samfeldari (líkari dróttkvæðum), en sumt sem hann setti í þýðinguna á sér enga samsvörum í sálminum, til dæmis um að traust á heilagan anda leysi menn (frelsi menn) í erindi 14. Sálmurinn á latínu ræðir ekki um framhaldslíf. Eilíft líf var hinsvegar ríkt í huga skáldsins, sem sést á lokaerindi kvæðisins (nr. 18) sem er með ósk um að Guð veiti¹² mönnum líf eftir dauða.

Hér er texti dróttkvæðisins skrifaður samkvæmt nútímaframburði (til dæmis með *og* fyrir *ok*, og *-ur* en ekki *-r* í endingum). Allur sálmurinn, nema síðasta erindið, ávarpar heilagan anda, og það gerir þýðingin sömuleiðis. Persónufornafnið *þú* er stundum notað í handritinu og því er ekki sleppt eins og stundum er gert í útgáfum. Þetta fylgjar atkvæðum en þau verða þó aldrei fleiri en átta í vísuorði. Innan hornklofa eru fáeinir leiðréttingar á texta handritsins. Í svigum eru stuttar orðaskýringar mínar. Handritið er víða dökkt með götum og erfitt að lesa, en textinn ber lítill merki um að hafa aflagast. Það er aðeins í endingum orða, sem oft eru skrifaðar með böndum, sem gera þarf breytingar.¹³ Vinstra megin við

12 Í útgáfu Attwood, „Heilags anda drápa“, bls. 467, er meinleg villa í erindi 18 þar sem stendur *veitti* í stað *veiti*.

13 Á þetta benti Einar Ólafur Sveinsson, „Íslensk sálmaþýðing frá 13. öld“, bls. 47.

hvern vísuþhelming er sami latínutexti og í dróttkvæðaútgáfu Attwood, með einfaldri þýðingu minni.

1. erindi sálms, 11. erindi drápu:

<i>Veni creator, spiritus,</i>	<i>Kom nú, hreinskaþaður himna,</i>
<i>mentes tuorum visita.</i>	<i>hlutvandur föður andi;</i>
„Kom skapari, andi.	<i>yðvarra frem, errinn,</i>
Vitjaðu þinna huga.“	<i>alsælan hug þræla.</i>

Kom nú, hlutvandur (réttlátur), hreinskaþaður himnaföður andi. Frem (gerðu) errinn (her-skáan, ódælan) hug þræla yðvarra (þinna) alsælan.

Íslenska skáldið lætur huga heilags anda vera huga þræla hans. *Errinn* gæti átt við heilagan anda en á líklega fremur við hug þræla (sem var errinn en verður alsæll).

seinni vísuþhelmingur:

<i>imple superna gratia,</i>	<i>Himnesk[rar] fremur háska</i>
<i>quae tu creasti, pectora,</i>	<i>hjálp unnin miskunnar</i>
„Fylltu brjóst (huga) sem þú	<i>gumna brjóst, í grimmum</i>
hefur skapað með himneskri náð.“	<i>Gu[ðs] kraftur, þeim er þú skaptir.</i>

Guðs kraftur, hjálp himneskrar miskunnar í grimmum háska, fremur brjóst gumna unnin (gerir þau unnin), þeim er þú skaptir.

Í latínunni eru brjóst sköpuð, en skáldið lætur brjóstin vera á mönnum sem voru skapaðir. Attwood breytir *þeim* í *þau* til að fara nær latínutextanum.

2. erindi sálms, 12. erindi drápu:

<i>Qui paraclitus diceris,</i>	<i>Sanndyggra, máttu, seggja</i>
<i>donum Dei altissimi,</i>	<i>snjallur huggari, kallast,</i>
„Þú ert kallaður huggari,	<i>harð[la] traust ins hæsta</i>
gjöf hins hæsta Guðs,“	<i>heiðgjöf konung[s] jöfra.</i>

Snjallur huggari sanndyggra seggja (manna) máttu kallast, harðla (eða harða: mjög) traust heiðgjöf (máli) ins hæsta konungs jöfra (konunga).

Skáldið kallar Guð hinn hæsta konung konunga (jöfra) og heilagur andi er mála-gjöf (laun) hans.

seinni vísuþhelmingur:

<i>fons vivus, ignis, caritas</i>	<i>Eldur ertu elsku mildrar</i>
<i>et spiritalis unctio.</i>	<i>eilífur brunmur og heilagur</i>
„lifandi lind, kærleikselður	<i>hinn er, andar sára</i>
og andleg smurning.“	<i>ein-smurning, vit hreinsar.</i>

Eldur ertu mildrar elsku, eilífur og heilagur brunnur, hinn er hreinsar vit (skilningsvit), ein-smurning andar sára.

Þetta er Biblíumál, upptalning á nöfnum heilags anda. Í latneska textann vantar sögn eða samtengingu sem ekki leyfðist í norrænum kveðskap. *Ein* er notað eins og óákveðinn greinir, eða ein-smurning er eitt orð. Skáldið bætir við að heilagur andi hreinsi vit. Eins og Attwood nota ég óbreyttan texta handrits (eldri útgáfur laga hann), en það þýðir að rím er ekki gott og *hinn* þarf að bera stuðul; e.t.v. ætti að skrifa *inn* eða *einn* í stað *hinn* (sjá fleiri möguleika hjá Attwood).

3. erindi sálms, 13. erindi drápu:

<i>Tu septiformis munere,</i>	Þinn er, salkonungs sólar,
<i>dexteræ Dei tu digitus.</i>	<i>sjöskiptur</i> frami <i>gifta</i> ,
,Þú, sjöföld gjöf. Þú, fingur	(vandast) <i>hægri handar</i>
hægri handar Guðs ⁶	hreinn <i>fingur</i> (bragar greinir).

Þinn er frami *gifta* (gjafa) *sjöskiptur*. Hreinn fingur hægri handar salkonungs sólar (Guðs). Bragar greinir vandast (háttur verður vandasamur).

Hugtakið *fingur guðs* táknar mátt Guðs í Biblíunni (sjá Wikipediu). Hér er innskot skáldsins um að bragurinn sé að vandast. Í latínuna vantar sögn eða samtengingu.

seinni vísuþhelmingur:

<i>tu rite promisso patris,</i>	<i>Prýðir þú</i> rausnar <i>ræður</i> ,
<i>sermone ditans guttura.</i>	ríkur andi, þér líkast,
,Þú, rétt loforð föður,	fyrirtignari, fegnar,
með tali fyllir háls. ⁶	<i>föður</i> , <i>kverkur</i> meginverkum.

Þú, ríkur andi, fyrirtignari föður, *prýðir* rausnar *ræður*. *Kverkur* (hálsar), fegnar meginverkum, líkast þér (þér líkar við *kverkur*).

Sjá umræðu Einars Ólafs (1942: 145–6) um merkingu textans og um sögnina *fyrirtigna*. Líklega er merking sú sama og í latínunni, en viðbót skálds að hálsar séu fegnir.

4. erindi sálms, 14. erindi drápu:

<i>Accende lumen sensibus,</i>	<i>Tendra þú ljós</i> í leyndum,
<i>infunde amorem cordibus,</i>	lundgóður, <i>vitum</i> þjóðar,
,Kveiktu ljósið í skilningarvitunum.	böls hirtir, vek björtum,
Veittu ást í hjörtun. ⁶	björt, <i>elsk[h]uga hjörtu</i> .

Lundgóður böls hirtir (böls-refsari), *tendra þú björt ljós* í leyndum (skilnings-)vitum þjóðar. Vek (vektu) hjörtu [með] björtum elskhuga.

Hér bætir skáldið við að andinn vekir okkur.

seinni vísuhelmingur:

<i>infirma nostri corporis</i>	Hag[ur], efl, hallar fegrir,
<i>virtute firmans perpeti.</i>	hver er leystur, er þér treystist,
,Veikburða líkama okkar	<i>vorn líkama veikan</i>
með eilífðar krafti styrktu.‘	vagns, <i>eilíf[u] magni.</i>

Hagur fegrir (skreytari) Vagns hallar (Karlsvagns hallar: himins), efl veikan líkama *vorn* [með] eilífu magni (krafti). Hver er leystur (hólpinn), er treystist þér.

Það er viðbót skáldsins að heilagur andi fegri himinn og að allir frelsist sem treysti honum.

5. erindi sálms, 15. erindi drápu:

<i>Hostem repellas longius,</i>	<i>Út rektu óvin sleitinn,</i>
<i>pacemque dones protinus,</i>	angurþverrir, <i>veg langan,</i>
,Rektu óvininn lengra í	giftu framur, en gumnum
burtu og gef frið um leið.‘	gef traustan veg hraustum.

Angurþverrir (huggari), giftu-framur (gæfu-ágætur) rektu út langan veg sleitinn óvin, en gef hraustum gumnum traustan veg.

Íslenska skáldið þýðir ekki „gefðu frið,“ en biður heilagan anda um traustan veg.

seinni vísuhelmingur:

<i>ductore sic te praevio,</i>	<i>Ver þú, at vér megim forðast,</i>
<i>vitemus omne noxium.</i>	vís leiðtogi, píslir
,Vertu leiðtogi, að við	lengur og löst á þröngum
forðumst allt illt,‘	lífs veg, siða fegrir.

Siða fegrir (sá sem bætir siði), ver þú (vertu) vís leiðtogi, at vér megim (viðt.háttur) lengur forðast píslir og löst á þröngum lífs veg.

Skáldið bætir við orðinu *píslir* og heldur áfram að tala um veg.

6. erindi sálms, 16. erindi drápu:

<i>Per te sciamus da patrem,</i>	<i>Veittu, að vér megim réttan,</i>
<i>noscamus atque filium,</i>	vitsbrunnur, <i>fyrir þig kunna</i>
,að gegnum þig þekkjum	<i>föður í fylking saðri,</i>
föðurinn og soninn.‘	<i>friðskýrð[u]r, og son dýrðar;</i>

Friðskýrður vits brunnur veittu (leyfðu) að vér megim (viðt.h.) fyrir þig (í gegnum þig) kunna (þekkjja) réttan föður í saðri (sannri) fylking og son dýrðar.

Skáldið bætir við *sannri fylkingu*.

seinni vísuþhelmingur:

<i>te utriusque spiritum</i>	og kærán þig þeirra,
<i>credamus omni tempore.</i>	þrifa eggjandi, <i>beggja</i>
„Þú ert andi beggja.	<i>anda allar stundir,</i>
Trúum alla tíma.“	alstyrkur, <i>með trú dýrkum.</i>

og með trú dýrkum kærán þig allar stundir, anda þeirra beggja, þrifa eggjandi (óskandi betra lífs), alstyrkur.

Skáldið bætir við að heilagur andi eggir menn til betra lífs.

7. erindi sálms, 17. erindi drápu:

<i>Sit laus patri cum filio,</i>	<i>Vegur sé feður og fögrum,</i>
<i>sancto simul paraclito,</i>	fljótt, <i>óskmegi dróttins;</i>
„Lof sé föður með syni,	<i>lofi huggara hygginn</i>
ásamt huggara (heilögum anda)“	hirðprúðra kyn virða;

Vegur (dýrð) sé feður og fögrum óskmegi dróttins; kyn hirðprúðra virða (manna) lofi fljótt hygginn huggara;

Hér biður skáldið *kyn hirðprúðra virða* (sem má skilja sem kyn prúðra hirðmanna) um að lofa fljótt heilagan anda.

seinni vísuþhelmingur:

<i>nobis que mittat filius</i>	en salkonungs sólar
<i>charisma sancti spiritus.</i>	<i>sonur eingetinn, hreinar</i>
„og sonurinn sendi okkur	<i>sendi oss með anda</i>
gjafir heilags anda.“	ört <i>vingjafir</i> björtum.

en eingetinn sonur (Jesús) salkonungs sólar (Guðs) sendi oss með björtum anda ört hreinar vingjafir.

Hér er átt við gjafirnar sem taldar eru upp í fyrri hluta kvæðis. Sonurinn sendir þær bæði í latneska sálminum og í þýðingunni. Guð er kallaður *salkonungur sólar* eins og í erindi 13 þar sem gjafirnar sjö eru einnig nefndar.

Erindi númer 18 er niðurlag kvæðisins með ósk um að hirðir himna (Guð) veiti sauðum sínum eilíft líf. Á eftir kemur sama vísuorð „Greindr skínn orð ok andi“ og í erindi 2. Hér vantar eitthvað og þetta er líklega upphaf stefis.

Lokaorð

Við vitum ekki hvort íslenska þýðingin var sungin eða ekki. Við vitum ekki heldur hvort hún var flutt Eiríki konungi og hirð hans eða ekki, en

kenningin *kyn hirðprúðra virða* í erindi 17 eykur líkur á því. Hafi þýðingin verið flutt almenningi má telja ólíklegt að innihaldið hafi komist til skila hjá öðrum en fáum kunnáttumönnum um dróttkvæði. Það var líklega ekki að ástæðulausu að Eysteinn sem samdi Lilju hálfri öld síðar (um 1350) notaði einfaldara og skiljanlegra mál en tíðkast hafði í dróttkvæðum. Eysteinn var ekki einn um þetta.¹⁴ Ef til vill má setja þýðinguna á „Veni Creator Spiritus“ í samhengi við þá löngun lærðra mann að ná betur til alþýðu manna.

Við vitum ekki hversu mikið vantar af helgikvæðinu sem inniheldur þýðinguna, en hér hefur verið sýnt fram á að það þarf ekki að vera mikið. Helgikvæðið eins og það er varðveitt í Snorra-Eddu handritinu gæti verið nálægt því að vera heilt. Líta má á það sem aukna útgáfu latneska sálmsins. Það er í tveimur hlutum, í fyrri hluta eru taldar gjafir heilags anda. Í seinni hlutanum er fylgt texta „Veni Creator Spiritus“. Hver vísuhelmingur er þýddur sérstaklega, en skáldið leyfir sér að bæta við, en sleppir fáu (undan-tekning er að sleppa friði í erindi 15). Ástæðan fyrir því að þýðandinn kaus að lengja sálminn kann að vera sú að smekkur manna krafðist lengra kvæðis. Varðveitt fornkvæði eru sjaldan eða aldrei með færri en 10 erindi. Í sama handriti og „Heilags anda drápa“ eru varðveitt eftirfarandi helgikvæði í heilu lagi: „Leiðarvísan“ með 45 erindum, „Líknarbraut“ með 52 erindum, „Harmsól“ með 65 erindum og „Máríudrápa“ með 43 erindum. Helgikvæði með 7 erindum hefði verið afbrigðilegt í þessum hópi.

ENGLISH SUMMARY

At the Reykjavík Arts Festival on the 12th of June 2024, a Gregorian chant was performed to the text of a 13th century translation of the Latin psalm “Veni Creator Spiritus”. The chant was composed by Þuríður Jónsdóttir and performed by Benedikt Kristjánsson and the Adapter ensemble. The article presents evidence, admittedly inconclusive, for the translated Latin psalm having been officially sung during a parade with King Eiríkur Magnússon in Norway in 1290. The translation is preserved as a part of a poem (“Heilags anda vísur”). The article argues that this poem, as a whole, should be seen as an extended version of the Latin psalm. The translation may be seen as a link between religious poetry intended for the educated classes only and poetry for the general public, such as the successful poem *Lilja*, half a century later.

14 Jakob Benediktsson, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 116.